



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Bakkaborg

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	5
1 Greinargerð leikskólastjóra	5
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	6
2.1 Innra mat.....	6
2.2 Ytra mat.....	7
2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025	8
3 Innra mat deilda	10
3.1 Bakki.....	10
3.2 Álfhóll.....	13
3.3 Dvergasteinn	16
3.4 Trölladyngja.....	18
3.5 Skessuból.....	23
4 Innra mat sérkennslu.....	30
4.1 Mat á sérkennslu 2023-2024	30
4.2 Endurmat starfsáætlunar sérkennslu 2023-2024	31
4.3 Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025	32
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	33
5.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024.....	33
5.2 Endurmat starfsáætlunar fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024	34
5.3 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025.....	35
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	36
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	36
8 Foreldrasamvinna.....	39
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	40
10 Fylgiskjöl.....	41
	3





Leiðarljós leikskólans

Gleði, vináttu, virðing.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þetta skólaár, líkt og árin áður, hefur gengið mjög vel og erum við stolt af starfinu sem unnið er í leikskólanum. Við erum heppin með starfsmannahópinn sem vinnur vel saman og lítið er um fjarveru sem skilar ánægju meðal starfsmanna, barna og foreldra. Starfsmannakönnun kom vel út og höfði ánægja og vellíðan aukist. Leikskólastjóri Bakkaborgar fór í veikindaleyfi á haustmánuðum og kom til baka í vor. Þá voru þrír starfsmenn sem fóru í fæðingarorlof og munu tveir þeirra koma til starfa þegar fæðingarorlofi þeirra líkur.

Í Bakkaborg er mikil fjölmennung og rúm 60% barna eru af erlendum uppruna. Á vormánuðum var tungumálastefna Bakkaborgar mótuð og mun sú vinna halda áfram á komandi skólaári. Starfsmenn Bakkaborgar leggja mikla áherslu á að styðja og kenna börnunum íslensku með fjölbreyttum leiðum. Málörvun er á öllum deildum og rík áhersla á að tala fjölbreytta íslensku.

Í ár voru köflum sjö til tíu breytt í aðalnámskrá leikskóla og í kjölfarið voru gerðar breytingar á starfi leikskólans. Frjáls leikur var efldur og verða hópatímar með frjálsara sniði þar sem börnin munu hafa meiri áhrif á leikinn og leikefni.

Starfsdagar voru nýttir til að kynna breytingarnar og gefa starfsmönnum tækifæri til að koma með hugmyndir. Allir sátu rafrænan fyrirlestur frá Sigrúnu Ynju, sem er með Leikvitund, þar sem farið var yfir skemahegðun barna. Sá fyrirlestur vakti starfsmenn til umhugsunar og var gaman að sjá hversu miklar breytingar voru gerðar á deildunum til að auka og valdefla börnin í leik. Einnig er gaman að segja frá því að þegar ljóst var að þyrfti að mála leiktæki í garðinum fengu börnin að velja lit með lýðræðislegri kosningu.

Þar sem ekkert ákveðið form var til miðlægt til að nota í foreldraviðtölum þá var send út könnun á foreldra um hvað þeir vildu að yrði tekið fyrir í viðtölunum. Það gaf góða raun og erum við mjög ánægð með að hafa sent það út.

Í vor fóru elstu börnin í „fyrir í frístund“ sem gaf okkur möguleika á því að byrja aðlögun fyrir. Foreldrar yngstu barnanna voru ekki tilbúin til að aðlaga börnin rétt fyrir sumarfrí svo við tókum elstu börnin inn í júní og börn sem voru á flutningi frá öðrum leikskólum. Við fengum góðar ábendingar um hvað betur mætti fara frá foreldrum og munum við hafa þær í huga fyrir aðlögun 2025.

Við leggjum af stað inn í skólaárið 2024 – 2025 með gleði, vináttu og virðingu að leiðarljósi.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

2.1 Innra mat

Deildarfundir voru haldnir aðra hverja viku og þá var farið yfir stöðu barna á deildinni. Þar var meðal annars félagsleg staða þeirra í barnahópnum metin út frá skráningarformi frá KVAN. Þetta hjálpaði starfsfólki að finna þau börn sem þurftu frekari félagslegan stuðning. Einnig mátuðu starfsmenn samskipti sín við börnin út frá matslista frá KVAN.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Félagsleg staða barnanna	Metið á deildarfundum með skráningarlista frá KVAN.	Allir starfsmenn á deildinni.	Starfsmönnum fannst gott að geta metið félagslega stöðu barnanna í hópnum. Þau börn sem komu slök út fengu ákveðna íhlutun og staða þeirra metin aftur eftir 6 vikur.
Samskipti kennara við börnin á deildinni	Metið á deildarfundum með skráningarlista frá KVAN.	Allir starfsmenn á deildinni.	Starfsfólk varð meðvitað um þau samskipti sem þau áttu við börnin. Metið var magn og tegund samskipta við börnin. Starfsfólk setti sér síðan markmið um fleiri jákvæð samskipti við þau börn sem höfðu fengið lítil jákvæð samskipti.



2.2 Ytra mat

Niðurstöður úr viðhorfskönnun hjá starfsmönnum á Bakkaborg komu á heildina litið mjög vel út. Starfsfólki fannst markmið með starfi þeirra skýr, átti auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf og var starfsfólk almennt jákvætt og ánægt í vinnunni. Stjórnunarhættir á leikskólanum voru metnir góðir þar sem starfsfólki fannst næsti yfirmaður hvetja sig til að þróast í starfi, hægt var að leita til yfirmanns ef eitthvað væri að og mikið traust var borið til yfirmanna. Það sem starfsmenn voru minnst ánægðir með voru laun og hljóðvist.

Niðurstöður úr könnun um atriði til foreldraviðtals komu vel út. Foreldrar voru mjög ánægðir með upplýsingagjöf um líðan og stöðu barnsins í leikskólanum.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorfskönnun starfsfólks	Viðhorfskönnun á netinu.	Starfsfólk á leikskólanum Bakkaborg	Það var almenn ánægja í nánast öllum þáttum starfsins.
Foreldraviðtals könnun	Könnun vegna foreldraviðtals á netinu.	Foreldrar á leikskólanum Bakkaborg	Foreldrar voru mjög ánægðir að fá að hafa áhrif á það sem tekið er fyrir í foreldraviðtölum.



2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Deildarstjóra- fundir	Markvissari deildarstjórafundir þar sem send er út dagskrá fyrir fundina.	Senda út dagskrá fyrir deildarstjórafundum þannig að þeir verði markvissari.	Leikskóla- og aðstoðar-leikskólastjóri, deildarstjórar, sérkennslustjóri	Ágúst 2024	Júní 2025	Fundargerðir og fundarboð	Farið yfir síðustu fundargerð, hvernig hefur gengið að fylgja eftir því sem var ákveðið á síðasta fundi.
Fagfundur	Byrja aftur með fagfundum	Annar hver deildastjórafundur er fagfundur	Leikskólakennarar, deildastjórar og annað uppeldismenntað fagfólk	Sept. 2024	Mái 2025	Farið yfir faglegt starf og metið	Farið yfir síðustu fundargerð, endurmetið og ákveðið framhald.
Uppeldis- og menntastarf							
Lausnateymi	Markviss snemmtæk íhlutun fyrir börnin.	Lausnateymisfundur haldnir markvissar fundargerðir eftir hvern fund og næstu skref ákveðin.	Sérkennslustjóri, deildarstjórar og verkefnastjóri fjölmennningar.	Haust 2024	Vor 2025	Fundargerðir skráðar eftir hvern fund þar sem ákveðin íhlutun er sett af stað. Tekin verða saman gögn eftir að íhlutun á sér stað og metið hvort að fundirnir séu að skila árangri. Einnig verður einn fundur	Markmið sem sett eru á lausnateymisfundum er náð. Tilvísanir og viðtalsbeiðnir til sérfræðinga á



						á önn þar sem lausnateymið kemur saman og metur hvernig hefur gengið	þjónustumiðstöð fækkar.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Uppeldi til ábyrgðar	Að starfsmenn öðlist hæfni og tileinki sér vinnu-aðferðir stefnunnar.	Fá námskeið á starfsdegi.	Leikskólastjóri	Haust 2024	Vor 2025	Starfsmenn fara yfir á deildarfundum hvernig unnið er eftir stefnunni.	Þar sem við fáum nýja starfsmenn ár hvert er mikilvægt að allir starfsmenn nái að tileinka sér grunn-aðferðir Uppeldi til ábyrgðar og vinni eftir þeim í leik og starfi.
Innra mat							
Málumhverfi	Bæta málumhverfi innan leikskólans	Hefja samstarf við Miðju máls og læsis í samvinnu við Suðurmiðstöð	Leikskólastjóri/ Verkefnastjóri fjölmenningar	Haust 2024	Vor 2025	Miðja máls og læsis kemur í leikskólann og metur aðstæður og gefur ráð.	Ráðleggingum Miðju máls og læsis hafi verið fylgt



3 Innra mat deilda

3.1 Bakki

Bakki er ungbarnadeild með 16 börn á aldrinum eins til tveggja ára sem voru öll að hefja leikskólagöngu sína í fyrsta sinn. Í byrjun hausts voru börnin 15 og eftir áramót var fjöldinn kominn í 16. Aðlögunin var í ágúst og september og nokkrum vikum seinna byrjaði hópastarf á deildinni. Hópastarf skiptist í listasmiðju, könnunarleik, íþróttir og vinastundir. Sérstök áhersla var lögð á félagsfærni, sjálfsefningu og málörvun.



Endurmat á starfsáætlun 2023-2024



Félagsfærni

Markmið okkar var að öll börn á deildinni yrðu í góðri félagslegri stöðu í barnahópnum. Fylgst var með félagslegri stöðu barna með því að fylla út KVAN lista reglulega.

Styrkleikar: Vel gekk að fylla út í KVAN lista um félagslega stöðu barna og það var gert alla starfsdaga.

Tækifæri til umbóta: Eftir útfyllingu KVAN lista hefði mátt gera markvissari áætlun til að styrkja félagslega stöðu barnanna.

Sjálfsefning

Börnin æfðu sig í að nota viðeigandi áhöld í matartíma. Meginnámsleiðin var í gegnum leik með eldhúsdót og einnig hvöttum við þau til að nota gaffal í matartímunum.



Styrkleikar: Börnunum fannst gaman að leika með eldhúsdót og miklar framfarir voru hjá þeim.

Tækifæri til umbóta: Töluverður aldursmunur var á börnunum og því voru þau yngstu lengur að ná þessum handtökum. Gæta þarf þess að þau fái lengri tíma til að æfa sig.





Sjálfsefning

Börnin æfðu sig að klæða sig í frjálsum leik, í vettlinga, húfur og stígvél. Fötin voru geymd í kössum í Bangsaerbergi og Sælukoti og tekin fram reglulega.

Styrkleikar: Börnunum fannst gaman að leika með fötin og æfðu sig í að klæða sig í gegnum leikinn.

Tækifæri til umbóta: Í fataklefanum sóttu börnin þó alltaf frekar í aðstoð kennara og vildu síður klæða sig sjálf. Einnig eru yngstu börnin ekki komin með kunnáttuna í að klæða sig sjálf. Við viljum prófa næsta haust að hafa mánaðarlegar stundir þar sem leikið er með útifatnað í fataklefanum til að auðvelda þeim að yfirfæra kunnáttuna þangað.

Málörvun

Við byrjuðum í janúar 2024 með gefðu 10.

Styrkleikar: Gefðu 10 er gott verkfæri til þess að styðja við málproska barna.

Tækifæri til umbóta: Við byrjuðum seint með gefðu 10 og illa gekk að fylgja því. Næsta haust þarf að setja það inn markvissar og velja einn ábyrgðarmann til að halda utan um skráningar og virkja starfsfólkið í gefðu 10.



Umbótaáætlun Bakka

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Öll börn á deildinni séu í góðri félagslegri stöðu í barnahópnum.	Mánaðarleg KVAN skráning á félagslegri stöðu barna og aðgerðar-áætlun í kjölfarið.	Deildar- stjóri, í samstarfi við annað deildar- starfsfólk.	Jan 2024	Maí 2025	Fylgst með þróun á félagsstöðu barna	Öll börn verða í KVAN flokknum „meðal“ eða „vinsæll“
Sjálfsþing	Börnin klæði sig sjálf í einfaldan útifatnað	Leikið með einfaldan útifatnað í fataklefa einu sinni í mánuði	Deildar- stjóri og hópstjórar	Sept 2024	Maí 2025	Skráningarblað, yfirfarið á deildarfundum	Börnin geti klætt sig sjálf í húfu, vettlinga og stígvél á leið í útiveru
Málörvun	Auka þátttöku í gefðu 10.	Einn starfsmaður verður valinn ábyrgðar- maður fyrir gefðu 10	Deildar- stjóri velur ábyrgðar- mann í samráði við deild	Sept 2024	Maí 2025	Gefðu 10 skráningarblað	Hver starfsmaður nær að gefa 10 a.m.k. þrisvar í viku.



3.2 Álfhóll

Skólaárið 2023 - 2024 í ágúst færðust börn frá Bakka og viku seinna byrjuðu ný börn í aðlögun.

Samtals voru börnin 21. Kennarar voru sex á deildinni og einn með stuðning. Börnunum var skipt í fjóra hópa. Hópastarfið skiptist í listasmiðju, skynjunarleik, flæðilestur, íþróttir og vinastund, auk þess sem stór hluti starfsins var tileinkaður útiveru og frjálsum leik. Eftir áramót var hópastarf minnkað og frjálsi leikurinn fékk meira rými.



Endurmat á starfsáætlun 2023-2024

Málörvun



Markmiðið var að kennarar væru öruggir í notkun myndræns skipulags og noti það í daglegu starfi. Lyklakippur voru gerðar með myndum af rýmum og helstu athöfnum. Lyklakippurnar voru settar í öll rými þannig að þær væru alltaf við höndina.

Styrkleikar: Allir voru sammála um að það hjálpaði þegar að kennarar notuðu myndræna skipulagið.

Tækifæri til umbóta: Við vorum ekki að nýta það markvisst þannig að við munum vinna betur í þessu markmiði áfram.

Sjálfsþing

Stefnt var að því að börnin gætu staðið örugg fyrir framan hóp. Strax um haustið byrjuðum við með nafnaleiki og leikinn *Hver er undir teppinu*, þar sem börnin þurfa að standa upp og standa eða sitja fyrir framan hópinn. Eftir áramót fékk eitt barn á dag að vera „umsjónamaður“. Þá stendur barnið fyrir framan alla í samveru og segir með hjálp kennara hvað er í matinn. Samverurnar voru þrjár og þurfti barnið því að endurtaka þetta þrisvar.



Styrkleikar: Það var góð æfing að endurtaka fyrir þrjá hópa.



Félagsfærni



Stefnt var að því að börnin gætu tekið þátt í hópleikjum sér til ánægju. Við æfðum einfalda útgáfu af leiknum *Hver er undir teppinu* og börnin fóru í hringleiki.

Styrkleikar: Börnin náðu fljótt tökum á *Hver er undir teppinu* og höfðu mjög gaman af þegar að farið var í leiki.

Tækifæri til umbóta: Við fórum ekki í eins marga hópleiki og við hefðum viljað og ætlum að fjölga hópleikjunum næsta vetur.



Umbótaáætlun Álfhóls

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Nota myndrænt skipulag markvisst.	Lyklakippur með myndrænu skipulagi í hverju rými.	Allir kennarar nota.	Ág 2024	Jún 2025	Endurmeta hvernig gengur í nóvember, febrúar og maí.	Kennarar eru öruggir í notkun myndræns skipulags og nota í daglegu starfi.
Málörvun	Að koma orðum sem voru í flæðilestri inn í frjálsan leik	Myndirnar eru í rýmum til að nota	Deildarstjóri setur myndirnar upp Allir kennarar nota.	Ág 2024	Jún 2025	Endurmeta hvernig gengur í nóvember, febrúar og maí.	Að börnin geti sagt orðin
Sjálfsefling	Æfa meira að tala fyrir framan hóp.	Umsjónamaður í hádeginu.	Kennari sem sækir hádegismat	Jan 2024	Jún 2025	Skráningarblað um þátttöku og hver er umsjónarmaður.	Öll börn hafi verið umsjónamaður og geti sagt hvað er í matinn.
Félagsfærni	Nota KVAN leiki meira.	Minnka Blæ í mars og bæta þá KVAN leikjunum inn.	Kennari sem sér um tímalínu um bætir inn í tímalínu, hópstjórar fylgja því eftir.	Mars 2024	Júní 2025	Skráningarblað um þátttöku og ánægju í leikjunum. Myndbönd	Öll börn geti tekið þátt og flest hafi ánægju af.



3.3 Dvergasteinn

Á Dvergasteini voru 23 börn á aldrinum þriggja til fjögurra ára. Frjálsi leikurinn var meginnámsleið deildarinnar og hópastarf var um morguninn aðra hverja viku. Hópastarf skiptist í vinastund, sögugrunn, Lubbastund, íþróttir og listasmiðju. Mikil áhersla er lögð á málörvun, það er mikið sungið og lesið og Gefðu 10 er einn lykilþáttur í markvissri málörvun á deildinni.



Endurmat á starfsáætlun 2022 – 2023

Félagsfærni

Lögð var áhersla á að þjálfa félagsfærni og samskipti markvissar með því að gera kennsluáætlun fyrir hverja vinastund þar sem efni Blæs, KVAN og uppeldi til ábyrgðar er tvinnuð saman.



Hvað gekk vel: Settir voru ábyrgðarmenn fyrir skipulagningu hópatíma og vel gekk að gera kennsluáætlanir. Kennsluáætlun fyrir hópatíma var skýr og auðvelt að framfylgja.

Tækifæri til úrbóta: Erfitt var að meta hvort markvissari hópatímar skiluðu sér í betri félagsfærni og vináttu barna. Bæta þarf skráningu til að sjá hvort vinastundirnar skili raunverulegum árangri.

Sjálfsþing

Stefnt var að því að börnin yrðu sjálfbjarga í fataklefanum, á salerninu og í matartímanum.

Hvað gekk vel: Við lok skólaárs gátu börnin klætt sig sjálf í og úr í fataklefanum en þurftu mörg hjálp við flóknari athafnir eins og að renna upp. Flest voru hætt með bleyju og gátu notað klósettið og öll gátu gengið frá eftir sig við lok matartíma.

Tækifæri til úrbóta: Skapa fleiri tækifæri fyrir börnin til að æfa sig í að renna upp.



Málörvun

Unnið var markvisst að því að auka orðaforða og málskilning barnanna með því að lesa og velja orð dagsins úr bók vikunnar, syngja lög vikunnar og nota sögugrunn og Lubba. Gefðu 10 var virkt á deildinni allan veturinn.

Hvað gekk vel: Lubbi og sögugrunnur voru í hópastarfi. Skráning fór fram með myndbandsupptökum í sögugrunni og sáust framfarir hjá flestum börnum. Skipulagt var hvaða bækur yrðu lesnar og hvaða lög yrðu sungin í samveru.

Tækifæri til umbóta: Erfitt náðist að fylgja skipulagi um bók og lög vikunnar í samveru og misvel gekk með gefðu 10. Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum yfir veturinn og þyrfti að setja upp meiri handleiðslu fyrir nýtt deildarstarfsfólk til að viðhalda skipulaginu yfir veturinn.



Umbótaáætlun 2024-2025

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Vinna með félagsstöðu barna á deildinni	Skipulagðar vinastundir til að auka félagsfærni og vináttu	Deildarstjóri	Sept 2024	Júní 2025	KVAN greining í október, febrúar og maí.	Allir verði í KVAN flokknum „meðal“ eða „vinsæll“
Málörvun	Styrkja starfsfólk í gefðu 10	Prófa þrjár aðferðir, eina í einu, yfir veturinn til að muna eftir gefðu 10	Verkefnastjóri fjölmenningar og deildarstjóri	Sept 2024	Júní 2025	Gefðu 10 skráningarblað inni á deild	Hver starfsmaður deildar nær að „gefa tíu“ fjóra daga vikunnar.



3.4 Trölladyngja

Á skólaárinu 2023-2024 voru 22 börn á Trölladyngju fædd 2020 og þrír starfsmenn voru á deildinni í fullu starfi hverju sinni með hópatímana og þrír með stuðning. Í byrjun hausts var barnahópnum skipt í þrjá hópa í hópastarfi þar sem lögð var áhersla á félagsfærni og sjálfsefningu. Markmiðið var að börnin lærðu hvert af öðru og hjálpuðust að. Þá var lögð sérstök áhersla á félagsfærniþjálfun, sjálfstyrkingu og málörvun.

Endurmat á starfsáætlun 2023 – 2024

Félagsfærni

Lögð var mikil áhersla á félagsfærni og samskipti milli barnanna og við kennara. Við æfðum okkur í að deila með öðrum og skiptast á, einnig hvernig við bíðum og lærum að hlusta á aðra. Hvernig við sýnum góða vináttu og umhyggju.

Blær

Kennsluefnið Blær var notað þrisvar sinnum í viku. Í Blæstundum var unnið sérstaklega með félagsfærni. Lögð var áhersla á grunnildin fjögur: Umburðarlyndi, virðingu, umhyggju, vináttu og hugrekki. Sérstaklega í að sýna samkennd og þekkja tilfinningar og hvernig við sýnum hjálpsemi bæði í orðum og athöfnum. Til þess notuðum við vináttuspjöldin úr Blætöskunni, unnum með verkefni og öll börnin fengu lítinn Blæ bangsa sem fylgir þeim alla leikskólagönguna.





Leikur að læra

Leikur að læra (LAL) kom bæði inn á málþroska, sjálfsefningu og félagsfærni. Unnið var með LAL í gegnum allt hópastarf, bæði í íþróttum og tímalínuverkefnum til dæmis þema mánaðarins og stafir barnanna, litir, form og rím. Foreldrar tóku virkan þátt með barni sínu í litlum LAL verkefnum sem tengdist ákveðnu hljóði eða þema um leið og komið var með barnið á leikskólann.



Sjálfsefning

Borðhald

Lögð var áhersla á að kenna börnunum að skammta sér minna á diskinn og fá sér frekar aftur til að koma í veg fyrir matarsóun. Börnin skömmtuðu sér sjálf mat í flestum tilvikum. Þau notuðu hnífa til að skera, smurðu brauðmeti sjálf og seinni hluta vetrar æfðu þau sig í að hella vökva í glas. Þau æfðu sig að borða snyrtilega og ganga frá eftir sig.



Fataklefi

Áhersla var lögð á að börnin klæddu sig sjálf og hjálpuðu hvort öðru sem þau gerðu. Þau leituðu líka aðstoðar til starfsfólks þegar á þurfti að halda. Börnin lærðu að klæða sig eftir veðri og höfðu myndir af viðeigandi fatnaði á vegg í fataklefa sér til stuðnings.

Virkja innri hvata og frumkvæði

Valtímar voru í dagskipulaginu eftir hvíld og voru ákveðin verkefni í boði á ákveðnu svæði. Valtíminn byrjaði á því að umsjónarmaður bauð börnunum að draga klemmur sem voru litaðar eftir svæðunum, og börnin voru á því svæði í 20 mínútur,



eftir það máttu þau skipta um svæði ef þau vildu. Við vildum bæta sköpunargáfu barnanna og buðum þeim að búa til leikföng úr endurvinnanlegum efnum. Við hjálpuðumst alltaf að og fórum eftir reglunni „allir eru vinir“.



Málörvun

Lubbi finnur málbein

Lubbastundir voru einu sinni í viku. Tekið var fyrir eitt máhljóð í viku, lag sungið, saga lesin og unnið með tvíræð orð, einnig var rím æft. Notað var Íslandskort þar sem staður með máhljóði vikunnar var kynntur og ferðaðist Lubbi þannig um landið. Börnunum fannst mjög gaman í Lubbastund og tóku

þau virkan þátt.



Notuð voru Lubbabein á pappaformi með nöfnum barnanna og máhljóði þeirra fyrir viðveru og stimpluðu þau sig inn í leikskólann með beinunum.

Vettvangsferðir

Farið var í reglubundnar gönguferðir, oftast vikulega og tengt við tímalínu og þemaverkefni. Farið var t.d. á grenndarstöð og fylgst með árstíðabundnum breytingum í nærumhverfi leikskólans. Fyrir áramót var farið á bókasafn í Gerðubergi og eftir áramót bauð bókasafnsfræðingur á skólasafni Breiðholtsskóla börnunum í tvær sögustundir og var þeim skipt í tvo hópa. Alls voru heimsóknirnar því fjórar. Í lok annarinnar var farið í strætóferð í Húsdýra og fjölskyldugarðinn þar sem börnin gátu skoðað dýrin og leikið sér á leiksvæðinu þar.





Börnin fóru einu sinni í viku í íþróttir, ýmist innan- eða utandyra. Unnið var með liti, form og afstöðuhugtök. Markmiðið með íþróttum er að auka líkamsvitund, úthald og liðleika. Farið var í ólíka leiki og þrautir sem krefjast samhæfingar augna og handa og börnin unnu oft saman í pörum eða í hóp. Kennari lagði ríka áherslu á það væri tilhlökkunarefni að fara í íþróttatíma sem er viðhorf sem myndi fylgja þeim áfram inn í lífið.



Markmið næsta skólaárs er að halda áfram að styðja og styrkja félagsfærni og málþroska barnanna.



Umbótaáætlun

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Mál- örvun	Auka mál- þroska, orðaforða og skilning.	Að skipta börnunum í tvo hópa í samveru, til að ná til allra barna og geta aðlagað námsefnið betur að þroska og getu hópsins.	Deildarstjóri ber ábyrgð á starfi deildar- innar og að deila verkefnum og ábyrgð á annað starfsfólk deildar.	Ágú 2024	Í lok maí.	Skráningar og myndbands- upptökur. Notast verður við hæfni- ramma fyrir fjöltungd börn á fjögurra mánaða fresti.	Að öll börn hafi tekið framförum í hæfni- römmum.
Sjálfs- efling	Auka sjálfshjálp barna í fataklefa.	Skýrt sjónrænt skipulag verður hengt upp og farið yfir með börnunum daglega hvað skuli gera í fataklefanum. Umbunakerfi í byrjun hausts.	Deildarstjóri ber ábyrgð á starfi deildar- innar og að deila verkefnum og ábyrgð á annað starfsfólk deildar.	Ágú/ sept 2024	Í lok maí.	Skráning fyrir hvert barn hvernig gengur að klæða sig og ganga frá fötum í fataklefa. Farið verður yfir skráningar í foreldraviðtölum.	Að flest börn geti klætt sig sjálf og gengið frá fötunum þegar þau koma inn. Staðan verður endurmetin um áramót og aftur í maí.



3.5 Skessuból

Á skólaárinu 2023-2024 voru 21 börn á Skessubóli. Starfsmenn deildarinnar voru þrjú ásamt einum stuðningstarfsmanni. Börnin skiptust í þrjú hópa og hóparnir rúlluðu á milli allra hópstjóra deildarinnar. Börnin völdu nafnið á hópnum sínum með lýðræðislegri kosningu. Í hópnum var unnið markvisst með félagsfærni, sjálfsefningu og tilfinningalæsi.

Deildarstarf var vel skipulagt, samstarf kennara gekk vel og sameiginleg markmið okkar voru sjálfsefning og að auka félagsfærni. Mikilvægt er að öllum líði vel í leikskólanum og fái nám við sitt hæfi, að samskipti séu góð og að við sýnum hvert öðru virðingu og umhyggju.

Endurmat á starfsáætlun 2023 – 2024

Félagsfærni og tilfinningalæsi

Félagsfærni og tilfinningalæsi eru stór partur af starfinu á Skessubóli.

Unnið var með uppeldistefnu leikskólans – „Uppeldi til ábyrgðar“- félagsfærni, tilfinningalæsi, þarfir barnanna í daglegu lífi, hlutverk krakkana í leikskólanum og leikskólareglur, Blæstundir og ýmis verkfæri úr verkfærakistu KVAN.

Áður en byrjað var í hópastarfi var rætt við börnin og komu þau sér saman um reglur um samskipti, hegðun og vináttu. Börnin tóku virkan þátt í að búa til umgengisreglur og aðrar reglur á deildinni. Rætt var um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sér og öðrum og virði réttindi og skyldur í leikskólanum.

Við lögðum áherslu á að hlusta á aðra án þess að grípa fram í fyrir hvort öðru, hvernig á að deila með öðrum og skiptast á, hvernig á að biðja um hjálp og á kurteislega líkamstjáningu, augnsamband og hlustun.

Farið var í kennsluefnið Blær, Uppeldi til ábyrgðar og KVAN einu sinni í viku, þar sem við lærðum að setja okkur í spor annarra og að leysa úr allskonar vandamálum og félagslegum aðstæðum. Haldið var áfram að vinna með öryggi, traust og vináttu inn á deild. Samverustundir byggðust mikið á samskiptum við börnin, börnin voru hvött til og aðstoðuð við að sýna hvort öðru virðingu og hrósa.

Lögð var áhersla á grunngildin fjögur úr Blæ: umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki.



Í frjálsum leik var unnið í litlum hópum og lögð áhersla á fjölbreytileikann og að geta leikið með öllum, en það ýtur meðals annars undir betri félagsþæfni. Starfsfólk gaf sér góðan tíma í að hlusta á börnin og þarfir þeirra og bregðast við þeim á uppbyggilegan og jákvæðan hátt.



Sjálfsþéfling

Við notuðum mikið af opnum spurningum til að fá börnin til að hugsa í lausnum og styðja við fjölbreytta málnotkun. Notuð var Gefðu 10 aðferðin til að auka samskipti við þau börn sem þurftu auka stuðning í íslensku.

Við ýttum undir jákvæða sjálfsmýnd og að hver og einn ætti að bera ábyrgð á sjálfum sér og hvernig ætti að koma fram við aðra. Einnig vildum við ýta undir jákvætt viðhorf barnanna gagnvart mistökum og byggja upp sjálfstraust þeirra.

Í hverri viku var umsjónarmaður vikunnar valin sem var líka veðurfræðingur. Þetta var gert í stóru samverunni sem er á morgnana. Umsjónarmaðurinn fékk að aðstoða við að leggja á borð ásamt því að skoða hvernig veðrið væri og velja útiföt í samráði við kennara. Hengdar voru upp myndir af viðeigandi fatnaði í fataklefa sem börnin gátu stuðst við. Einnig var farið yfir hvaða dagur var, mánuður og ár og í hverjum mánuði lærðum við nýja mánaðarvísu.

Leikurinn var stór partur af starfinu. Vinsælastir voru hlutverkaleikir og að byggja úr ýmsum kubbum. Auk þess var mikið litað og fönðrað úr opnum efnivið. Gætt var þess að börnin léku sér öll með hvort öðru og lögðum við mikla áherslu á að þau væri ekki alltaf sett í sömu aðstæður eða léki sér alltaf með sömu börnunum.



Í fataherberginu

Börnin klæddu sig sjálf og tóku ábyrgð á klæðnaði sínum. Þau voru hvött til að finna sjálf hvort þeim væri t.d. kalt og hvað þau gætu gert ef svo væri. Ef þau báðu um aðstoð voru þau hvött til að prófa fyrst, svo að aðstoða hvort annað og ef þau lentu í vandræðum fengu þau aðstoð.

Í borðhaldi

Börnin völdu hvað þau vildu borða, skáru matinn sinn sjálf og smurðu brauðið sitt sjálf. Þau voru hvött til að fá sér lítið á diskinn í einu og þá frekar oftár ásamt því að hugsa um náttúrulegar og fjárhagslegar afleiðingar matarsóunar. Þetta var umræða við mataborði með kennaranum.



Sjálfbærni

Allskonar efni var notað á deildinni sem var nýtt í föndur og önnur verkefni. Ýtt var undir að börnin fullnýttu blöðin sín og þau voru beðin um að skoða skúffurnar sínar áður en þau fengu ný blöð til að koma í veg fyrir sóun.

Farið var í göngutúra í nærumhverfi þar sem safnað var alls konar náttúrulegum efnivið, prikum, könglum, laufblöðum og fleira sem notað var í ýmiskonar föndurverkefni. Til að vekja athygli barnanna á því að ganga vel um jörðina og hugsa um náttúruna var farið út að tína rusl og fórum við í vettvangsferðir og söfn sem tengdust náttúrunni.



Útiskóli

Í lok skólaársins byrjaði útiskólinn á elstu deild og fóru börnin daglega í vettvangsferð á söfn og aðra skemmtilega og fræðandi staði. Mikil sjálfsefling felst í ferðunum og börnin læra um allskonar nýja hluti og takast á við ýmsar aðstæður sem koma ekki upp í leikskólanum. Eftir hverja ferð var farið yfir hvað við lærðum í ferðinni og teiknuð mynd af ferðlaginu. Börnin voru hvött til að segja foreldrum sýnum frá ferðunum og styrkja þannig tjáningargetu sína.



Styrkleikar

Unnið var með lífsleikni í hópunum. Við sýndum börnunum virðingu – virtum skoðanir þeirra. Við ræddum við börnin um að maður þurfi ekki að vera góður í öllu og að það sé allt í lagi. Sumir eru góðir í einu – aðrir í öðru. Skoðanir og áhugi barnanna var virtur. Samskipti okkar einkenndist af virðingu, jákvæðni, góðsemi, hjálpssemi og vináttu og börnin sáu það í daglegu starfi. Kennarar voru góðar fyrirmyndir í samskiptum, sýndu áhuga á því sem barnið var að segja og voru til staðar. Börnin lærðu mikið inn á samkennd inni á deild og að hjálpa hvert öðru.

Börnin lærðu sjálfshjálp með leiðbeiningum frá starfsfólki. Að vera umsjónamaður, veðurfræðingur, afmælisbarn, klæða sig í og úr og ganga frá eftir mat. Við hrósuðum fyrir jákvæða hegðun og fyrir það sem vel var gert.

Starfsfólk nýtti sér styrkleika sína í hópstarfi og miðlaði kennslu til allra hópa barnanna. Kosturinn við þetta var að öll börnin fengu það besta frá hverjum starfsmanni.



Deildin var í góðu samstarfi við Breiðholtsskóla. Til dæmis fengu börnin íþróttakennslu einu sinni í viku í sal skólans. Við fórum í heimsókn til skólastjóra og fengum að vera með í íþróttum með fyrsta bekk. Fyrsti bekkur kom líka í leikskólann og las fyrir okkur bók og sýndi okkur hvað væri í skólatöskunum þeirra.

Tækifæri til umbóta

Að kenna börnunum meira í gegnum athafnir. Á tímalínu leikskólans eru ýmsir þemadagar og unnið er með ákveðið efni í hverjum mánuði. Það væri gaman að fara í ferð með börnunum í tengslum við áherslur hvers mánaðar.



Umbótaáætlun

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni og tilfinningalæsi	Að börn kynnist tungumálinu og möguleikum þess, tjái sig með fjölbreyttum hætti og þrói læsi í víðum skilningi. Tjá tilfinningar sínar, í samskiptum við aðra. Hjálpa þeim að skilja aðra og eignast vini. Að styrkja félagsleg tengsl. Uppbyggjandi samskipti milli starfsfólks og barna.	Með Vináttu verkefninu Blær. Barnasáttmálinn og Uppeldi til ábyrgðar.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	Ágú 2024	Við lok skólaárs	Myndskráning. Skráningar Mat barna Þarfa-hringurinn	Að vera læs á tilfinningar: læra um eigin þarfir, geta sett sig í spor annarra, leysa deilur með orðum og taka tillit til annarra. Barnið er virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir. Að starfsfólk nái að tileinka sér samræður á markvissan hátt.
Sjálfsþing	Að styrkja sjálfsmynd, sjálfsvirðingu, jákvæðni, sjálfsmat og sjálfstraust barna.	Hrósum hverju öðru. Hvetja börnin að gera sjálf og vinna saman. Að auka jákvæð samskipti, að virkja innri hvata og frumkvæði.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	Ág 2024	Við lok skólaárs	Myndskráning. Skráningar. Mat barna.	Mitt og þitt hlutverk. Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu, barnið þekki styrkleika og veikleika sína.



Sjálfbærni	Að börnin læri að umgangast náttúruna og umhverfi sitt af virðingu. Að kenna umhverfis-mennt og sjálfbæra þróun.	Fara út í okkar nærumhverfi: Skoða, sjá og upplifa náttúruna og umhverfið. Flokka rusl og draga úr matarsóun.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	Ágúst / 2024	Við lok skólaárs	Myndskráning. Skráningar. Mat barna.	Ganga vel um náttúruna og njóta hennar, þekkja aðgerðir til að vernda jörðina
------------	--	---	---	--------------	------------------	--------------------------------------	---



4 Innra mat sérkennslu

4.1 Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð;</p> <p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennsla í Bakkaborg er skipulögð þannig að leikskólinn mæti margbreytilegum hópi barna á jafnræðisgrundvelli með einstaklingsþarfir að leiðarljósi.</p> <p>Sérkennslan tekur mið af þörfum hvers og eins og er unnin í nánu samráði og samstarfi við foreldra.</p> <p>Í Bakkaborg er litið á sérkennslu sem eðlilegan hluta af öllu starfi í leikskólanum en ekki aðgreint úrræði. Það fer eftir stöðu og þörfum barnsins hvort þjálfun fari fram inni á deild eða í vinnustundarherbergi.</p> <p>Stundatafla var sett upp fyrir alla þá starfsmenn sem voru að sinna stuðningi og þar kom fram hvaða barn þau voru með hverju sinni.</p> <p>Í einstaklingskennslu voru notuð skráningarblöð frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins. Síðan voru notuð skráningarblöð úr LÆM.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>TRAS, AEPS, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Íslenski máhljóðamælirinn, EFI-2 og Hljóm-2</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Ýmis námsefni voru notuð eins og Orðagull, Tölum saman, ýmis skemmtileg spil frá ABC skólavörum, Numicon kubbar, Ljáðu mér eyra, Markviss málörvun, bækur o.fl.</p> <p>Í iPad notuðum við: Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin, Froskaleikinn, og Bitsboard.</p>



4.2 Endurmat starfsáætlunar sérkennslu 2023-2024

Umbótaþáttur/matsþáttur: Einstaklingsnámskrá - vinna markvisst eftir einstaklingsnámskrá, að hún sé lifandi vinnuskjal inni á deild.

Hver ber ábyrgð: Sérkennslustjóri, deildastjóri og stuðningur.

Markmiðið var að hvert barn með stuðning fengi markvissa þjálfun og verkefni við hæfi. Síðan að unnið væri markvisst eftir einstaklingsnámskrá, að hún væri alltaf til staðar og hægt væri að grípa í hana. Hún væri lifandi vinnuskjal inni á deild.

Hvernig hefur gengið: Endurmat var gert í janúar og maí.

1. Það hefur gengið vel að vinna eftir einstaklingsnámskránni inni á hverri deild. Markmið eru skoðuð reglulega til að athuga hvort þau hafi náðst og það þurfi að setja ný markmið.
2. Það hefur náðst að hluta til að hafa einstaklingsnámskrá sem lifandi vinnuþagg inni á deild.
3. Umbótaþátturinn náðist að mestu leyti, þessi þáttur er þó aftur settur inn í starfsáætlun vegna mikilvægi þess að vinna markvisst eftir einstaklingsnámsáætlun. Markmiðið er þá sett hærra til að það náist að fullu inni á öllum deildum að hafa einstaklingsnámskrána sem lifandi vinnuskjal.



4.3 Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Sérkennslu-fundir	Halda sérkennslu-fund með stuðningsaðilum aðra hverja viku fyrir eldri deildir og aðra hverja viku fyrir yngri deildir.	Sérkennslustjóri og sérkennsluteymið sér um að setja niður áætlun fyrir fundina 2 í mánuði fram í tímann.	Sérkennslu-stjóri og sérkennsluteymið.	Sept 2024	Apr 2025	Endurmat eftir tvo mánuði, hvort það sé búið að ná að halda alla fundina. Ef ekki þá komið með nýja áætlun um næstu fundi.	Náðst hefur að halda 90% funda sem eru á áætlun
Einstaklings-námskrá	Einstaklings-námskrá sé lifandi vinnuþag inni á deild	Sérkennslustjóri vinnur að einstaklingsnámskrá með stuðningsaðila í byrjun annar, námskrá er kynnt fyrir allri deildinni á deildarfundi. Höfum markmiðin sýnileg og skráningarblöð eftir þeim.	Sérkennslu-stjóri ásamt stuðningsaðila	Sept 2024	Apr 2025	Endurmat eftir einn mánuð og farið yfir skráningarblöð og hvort það sé búið að hafa námskrána lifandi inni á deild og verið að skrá á hverjum degi í hana.	Það hafi verið unnið á hverjum degi úr einstaklings-námskrá og að hún sé sýnileg inn á deild og verið að skrá í hana á hverjum degi.



5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

5.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keypt voru spil og bækur fyrir málörvun. Einnig er stöðugildi í leikskólanum til að styðja við málörvun fjöltyngdra barna.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Markviss vinna með daglegan orðaforða er hluti af daglegu starfi leikskólans, í hópastarfi, samverustundum, matartímum, fataklefa og á snyrtingu. <i>Gefðu 10</i> aðferðin er virk á öllum deildum fyrir börn sem þurfa auka málörvun. Verkefnastjóri fjölmennigar hefur yfirsýn og heldur utan um <i>Gefðu 10</i> . Unnið er með Lubbi finnur málbein á öllum deildum. Á yngstu deildum leikskólans er <i>flæðilestur</i> vikulega og er orðaforði úr flæðilestursbókum sýnilegur á myndrænu formi uppi á vegg. Orðaforðaskráning er á yngstu deildunum. Unnið er með þemu þar sem unnið er með orðaforða tengdan ákveðnum viðfangsefnum.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Markviss málörvun er í öllum daglegum athöfnum leikskólans. Samverustundir eru m.a. notaðar til að dýpka orðaforða barnanna með því að lesa bækur, syngja lög og eiga í samræðum við börnin. Flæðilesturstundir eru vikulega á yngstu deildunum. Vikulega eru sérstakar Lubbastundir, þar sem unnið er með Lubbi finnur málbein. Auk þeirra er Lubbi orðinn hluti af daglegu starfi og kemur fyrir oft en bara í Lubba-stundunum.



	<p>Á eldri deildum leikskólans er unnið með <i>Sögugrunn</i>.</p> <p>Samverustundum hefur verið skipt upp í minni hópa, með það markmið að ná betur til barnahópsins og efla málörvun og málþroska fjöltyngdra barna leikskólans.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i>, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Fylgst er með framförum barnanna með matstækjunum EFI-2 og Hljóm-2 og TRAS. Hæfniramma fjöltyngdra barna voru teknir í notkun fyrir öll fjöltyngd börn á tveimur deildum Álfhóli og Dvergasteini.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i>, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Þar sem rúmur helmingur barna á leikskólanum eru tví- eða fjöltyngd eru allir starfsmenn leikskólans meðvitaðir um mikilvægi þess að börnin nái tökum á íslensku. Börn sem þurfa auka málörvun fá vikulegar málörvunarstundir.</p>

5.2 Endurmat starfsáætlunar fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Umbótaþáttur/matsþáttur: Fylgst með framförum fjöltyngdra barna

Hver ber ábyrgð: Verkefnastjóri fjölmennningar og deildastjórar.

Markmið var að hæfniramma fjöltyngdra barna hafi verið notaðir markvisst, kröfur aukist og mælanlegar framfarir séu hjá barninu.

Hvernig hefur gengið vel: Endurmat var gert í maí.

Það gekk vel að nota hæfniramma fjöltyngdra barna. Í byrjun árs 2024 voru þeir teknir í notkun fyrir öll fjöltyngd börn á tveggja og þriggja ára deild og voru þeir fylltir út tvisvar fyrir sumarfrí.

Tækifæri til umbóta: Byrjað var að fylla út hæfniramma fyrir börnin á fjögurra ára deild en það tók lengri tíma en hjá yngri börnunum og ekki náðist að ljúka því á skólaárinu. Næsta skólaár verður innleiðingu hæfniramma haldið áfram.



5.3 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Fylgjast með framförum	Innleiða hæfni- ramma á Bakka, Álfhóli, Dverga- steini og Tröll- dyngju.	Fylla út hæfni- ramma þrisvar á ári	Verkefna- stjóri fjöl- menningar ásamt deildar- stjóra hverrar deildar.	Sept 2024	Mái 2025	Farið yfir hvaða börn eiga útfyllta hæfniramma.	Öll fjöltyngd börn á yngstu fjórur deildum eigi útfyllta hæfni- ramma við lok skólaárs.
Málörvun	Vinna sérstakar málörvunar- stundir meira í hópum	Skipuleggja málörvun í samverum og hópum. Útbúa aðstöðu fyrir litla hópa og samverur	Sérkennsla	Sept 2024	Mái 2025	Skráningarblað yfir málörvun í hópum og samveru	Að til sé aðstaða fyrir mál- örvunar- hópa. Að börn sem þurfa aukna mál- örvun fái vikulega hópatíma í málörvun.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Að þessu sinni voru það deildarstjórar sem tóku starfsþróunarsamtöl við starfsmenn sinnar deildar. Að því loknu tók leikskólastjóri deildarstjóra í samtöl sem upplýsti leikskólastjóran um það sem fram kom. Þetta gekk mjög vel og gera má ráð fyrir því að þetta sé komið til að vera. Allir starfsmenn fengu blað með spurningum til að undirbúa sig. Viðtölin voru tekin inni í þeim rýmum sem hentaði hverri deild, miðað var við að hvert viðtal tæki um 15 mínútur.

Starfsmenn leikskólans sóttu fjölmörg námskeið t.d. Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglunga frá 2 -6 ára (það námskeið tóku allir starfsmenn leikskólans), kynferðisleg hegðun barna í leikskólum hjá Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur sátu stjórnendur leikskólans. TRAS, Atferlisþjálfunarnámskeið, skráninganámskeið, EFI – 2 málproskaskimun, Vináttuverkefni Blær, Skemahegðun: Proskafæri barna í gegnum leik. Leikur sem kennsluáferð, skapandi leikskólastarf, þróunarverkefni vegna undirbúnings leikskólakennara, heiðurstengt ofbeldi og neikvæð félagsleg stýring.

Á næsta skólaári er gert ráð fyrir að allir starfsmenn sitji námskeið í skyndihjálpi en fleiri námskeið hafa ekki verið skipulögð að svo stöddu.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Gott samstarf var á milli Bakkaborgar og Breiðholtsskóla skólaárið 2023 - 2024. Elsti árgangurinn fór í íþróttir á vegum ÍR. Árgangurinn fór í fjölmargar skólaheimsóknir í Breiðholtsskóla auk þess sem honum var boðið á leiksýningar hjá nemendum skólans. Þá komu nemendur frá Breiðholtsskóla í starfsnám bæði á haust- og vorönn. Auk þess hittust stjórnendur leikskólanna í hverfinu með stjórnanda Breiðholtsskóla. Því miður tókst ekki að skipuleggja lesstundir fyrir elstu börnin á bókasafni Breiðholtsskóla en úr því verður bætt á næsta skólaári.

Almenn ánægja var með samstarfið við Breiðholtsskóla en það er okkar markmið að ná betur saman við frístund og efla enn frekar samstarf við Breiðholtsskóla.



Samstarf 2023-2024

Leikskólinn Bakkaborg – Breiðholtsskóli

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Október 2023 til maí 2024	Íþróttir – elstu börnin	Íþróttahús Breiðholtsskóla	Deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
22. febrúar 2024	Leikskólabörn koma og leika á skólalóð Breiðholtsskóla	Útisvæði Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
27. febrúar 2024	Leikskólabörn komu í hátíðarsal skólans á Maximús	Hátíðarsalur Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
7. mars 2024	Heimsókn leikskólabarna í íþróttatíma hjá 1. bekk.	Íþróttasalur Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
9. og 11. apríl 2024	Leikskólabörn koma í heimsókn í Breiðholtsskóla í eina kennslustund, frímínútur og borða í matartíma	Breiðholtsskóli	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
16. apríl 2024	Leikskólabörn heimsækja frístundaheimilið Bakkasel	Frístundaheimilið Bakkasel	Forstöðumaður Bakkasels og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
22. apríl 2024	Leikskólabörn koma í skólaheimsókn í stofu þar sem lesin verður saga,	Skólastofa fyrsta bekkjar í Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari



	borðað nesti og spjallað		
30. apríl 2024	Leikskólabörn heimsækja skólustjóra Breiðholtsskóla og ræða um sjálfstæði, sjálfshjálp, hegðun og reglur í skólanum	Skrifstofa skólustjóra Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
15. og 16. maí 2024	Vorskóli þar sem leikskólabörn koma með kennurum sínum og fá að kynnst skólastarfinu.	Kennslustofur fyrsta bekkjar í Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
16. maí 2024	Foreldrum verðandi 1. bekkinga boðið í hátíðarsal skólans þar sem skólustjóri tekur á mótum þeim með innlegg um skólastarfið.	Hátíðarsalur Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
16. maí 2024	Leikskólabörnum og foreldrum er boðið á vorhátíð skólans sem haldin verður seinni partinn.	Skólalóð Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og foreldrafélag Breiðholtsskóla
30. maí 2024	Skil á milli skóla	Breiðholtsskóli	Deildarstjóri, sérkennslustjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari



8 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð: Foreldraráð Bakkaborgar er fámennnt en góðmennt. Fimm foreldrar er í ráðinu og komu þrjár nýjar mæður í ráðið síðastliðið haust eftir að hlutverk foreldraráðs var kynnt á foreldrafundi og deildarstjórar fengu foreldra til að taka þátt. Samskipti við foreldraráð fór að mestu fram í gengum tölvupóst en við hittumst einnig í leikskólanum á fundi. Það liggur fyrir að við þurfum að finna fleiri til starfa í foreldraráð Bakkaborgar þar sem tveir meðlimir sem hafa verið lengi eru með barn sem var að hætta í leikskólanum.
- Foreldrafundir: Haldnir voru foreldrafundir á hverri deild í haust þar sem deildarstjórar fóru yfir dagskipulag hvernar deildar og viðfangsefni.
- Foreldraviðtöl: Foreldraviðtöl voru tekin að hausti og vori. Deildir skiptu með sér dögum frá 8. nóvember til 21. nóvember 2023 á haustönn og frá 13. apríl – 3. maí 2024 á vorönn. Skipulagið var gert með þarfir foreldra í huga þar sem systkinum var raðað saman hvort á eftir öðru óháð deildum.
- Foreldrafélag: Foreldrafélag Bakkaborgar er skipað sex mæðrum. Nokkrar af þeim hafa starfað lengi og átt börn lengi í leikskólanum en í ár hafa bæst í hópinn mæður sem hafa styttri reynslu af leikskólanum. Foreldrafélagið hefur skipulagt viðburði fyrir börn og foreldra bæði á leikskólatíma og þar fyrir utan. Í ár var því miður ekki farið í sveitaferð en stefnt er að því að fara vorið 2025 í þá ferð. Foreldrafélagið skipulagði jólaball, jólasveinar komu í heimsókn til barnanna og gáfu þeim gjöf sem sló í mark. Þá var haldin sumarhátíð áður en elstu börnin hættu í leikskólanum og öll börn fengu bolta í sumargjöf.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Haldnir voru sex skipulagsdagar í leikskólanum á skólaárinu 2023 – 2024. Fræðsla á skipulagsdögum var fjölbreytt þar sem lögð var áhersla breytingar á Aðalnámskrá leikskóla. Við fengum fyrirlestur frá Sigrúnu Yrju frá Leikvitund þar sem fjallað var um *Skemahegðun: Þroskaferli barna í gegnum leik*. Þar fór Sigrún yfir hvernig endurteknar athafnir barna stuðla að þroska þeirra í gegnum leik. Þá kom hún Kristín Hildur Verkefnastjóri sköpunar og skapandi kennsluhátta Fagskrifstofu leikskólamála og kynnti áherslubreytingar á aðalnámskrá leikskóla. Einnig tókum við þátt í sameiginlegum starfsdegi hjá Skóla- og frístundasviði sem haldinn var 17. maí 2024.

Skólaárið 2024 – 2025 eru skipulagsdagar eftirfarandi:

- 4. október 2024 – samstarfsdagur leik- og grunnskóla í Bakkahverfi
- 29. nóvember 2024 – samstarfsdagur leik- og grunnskóla í Bakkahverfi
- 2. janúar 2025
- 3. febrúar 2025 – samstarfsdagur leik- og grunnskóla í Bakkahverfi
- 21. mars 2025
- 23. maí 2025



10 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025
Bakkaborg

Umsögn foreldraráðs



Foreldraráð leikskólans skipa:

Áslaug María Agnarsdóttir
Bergrós Hilmarsdóttir
Erla Sonja Guðmundsdóttir
Jón Blöndal
Katrín Rós Prastardóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.



Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:







Umsögn Foreldraráðs Bakkaborgar:

- Foreldraráð las starfsáætlun og töldu hana vel og skipulega sett upp, auðlesanleg og gefa góða mynd af því starfi sem starfsmenn Bakkaborgar hafa innt af hendi. Starfsáætlunin lýsir því góða starfi sem leikskólinn hefur sinnt seinast liðið skólaár og þá er sérstaklega að nefna könnun sem var sett af stað til að fá álit foreldra á þeim spurningum sem yrðu lög fyrir börn og starfsmenn deilda fyrir foreldrafundi. Þar var foreldrum gefið það tækifæri að setja sitt af mörkum til að hafa áhrif, og fá þær upplýsingar frá starfsmönnum um sitt barn/börn það sem þeim fannst skipta mestu máli.

- Dagskrá vetrarins var vel upp sett fyrir allar deildir, þar var góð fjölbreytni yfir daginn og vikuna í heild og íþróttatímar hafa sett sitt mark á börnin þar sem flest þeirra bíða spennt eftir þeim vikudegi að fá að spreyta sig á fjölbreyttum íþróttæfingum. Og töldum við þær umbætur sem lagðar eru til fyrir næsta vetur vera skýr verkefni og höfum alla trú á að þau vinni það verk vel af hendi.

- Sumarlokun Bakkaborgar er 16 júlí til 15 ágúst (með báðum dögum meðtöldum) og benti foreldraráð á þegar „fyrir í frístund“ verkefnið var tilkynnt að það kæmi foreldrum óþægilega fyrir að dagsetningar samræmdust ekki sumarlokun frístundar, sem og að fyrirvari var of stuttur þar til verkefnið ætti að hefjast.

Foreldraráð þakkar leikskólanum gott samstarf í vetur og hlökkum til að hefja leikskólagöngu á ný að hausti.

Foreldraráð:

Erla Sonja Guðmundsdóttir

Áslaug María Agnarsdóttir

Katrín Rós Þrastardóttir